

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1819  
komudagur 10.4.2002



Félagsmálanefnd Alþingis  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. apríl. 2002


**Efni; Umsögn Samiðnar um lagafrumvarp, 629. mál**

Samiðn hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðildaskipti að fyrirtækjum.

Samiðn hefur fjallað um frumvarpið og telur að í því felist réttarbót fyrir starfsmenn við aðildaskipti og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt. Breytingarnar fela m.a. í sér aðlögun að dómaframkvæmd Evrópuþómstólsins og EFTA-dómstólsins sem verður að teljast jákvætt.

Hins vegar er rétt að benda á óljóst orðalag í 6. gr. frumvarpsins, en þar er talað um að veita upplýsingar með góðum fyrirvara án þess að það sé skilgreint hvað góður fyrirvari sé. Hér gæti augljóslega komið upp ágreiningur um túlkun á hvað er góður fyrirvari. Æskilegt er að greinin verði gerð skýrari.

Virðingarfyllst.  
F.h. Samiðnar

  
Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri